

Bæjarskipulag Kópavogs

b/t Skipulagsstjóra

Fannborg 2

200 Kópavogi

skipulag@kopavogur.is

Kjóavöllum 14. mars 2022

Efni:

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hörðuvalla – Tröllakórs.

Stjórn og reiðveganefnd hestamannafélagsins Sprettis gera alvarlegar athugasemdir og lýsa verulegum áhyggjum vegna áforma um deiliskipulagsbreytingar Hörðuvalla við Tröllakór.

Það er að sjá á tillögunum að skólagarðar og garðlönd ásamt aðstöðuhúsi séu fyrirhuguð innan deiliskipulagsmarka Kjóavalla við Tröllakór. Þar eru stígar og garðlönd teiknaðuð alveg ofan í reiðstíga. Þessar áætlanir geta skapað árekstra og hættur fyrir ríðandi umferð, benda má á að oft eru börn og unglingar ein á ferð um reiðstíga á Kjóavöllum.

Þá veltum við fyrir okkur hvar aðkoma og bílastæði fyrir þessa starfsemi er fyrirhuguð, en það kemur ekki fram á breytingatillögu deiliskipulagsins.

Virðingarfyllst

f.h. Stjórnar Sprettis

Sverrir Einarsson formaður

f.h. Reiðveganefndar Sprettis

Jón Magnússon formaður